

VIÐSKIPTASKILMÁLAR FJÁRFESTINGARÞJÓNUSTU

1. Um viðskiptaskilmála, tilgang og gildissvið þeirra

- 1.1. Viðskiptaskilmálar þessir gilda um þá fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem ACRO verðbréf hf., kt. 451294-2029 (hér eftir „félagið“) samþykkir að veita viðskiptavini. Heimilisfang félagsins er að Skólavörðustíg 25, 101 Reykjavík, sími 532-8000 og netfang acro@acro.is. Félagið hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Almennar upplýsingar um félagið má nálgast á heimasíðu félagsins (www.acro.is) og upplýsingar um fjárhagslegan styrkleika má nálgast á heimasíðu fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands.
- 1.2. Félagið er óháð verðbréfafyrirtæki sem þjónustar fjárfesta, jafnt innlenda sem erlenda, á sviði verðbréfamiðlunar og fjárfestingaráðgjafar. Félagið annast miðlun innlendra og erlendra verðbréfa, jafnt skráðra sem óskráðra, auk þess sem félagið hefur sérhæft sig í miðlun fjárfestingar í erlendum verðbréfasjóðum. Viðskiptavinir félagsins eru allt frá sparifjáreigendum til stærri fjárfesta, svo sem stofnanafjárfesta, en megin þorri starfseminnar fellst í þjónustu við fagfjárfesta. Félagið hefur verið aðili að Kauphöll Íslands, Nasdaq Iceland, frá árinu 1997.
- 1.3. Til fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem félagið veitir í skilningi gr. 1.1. telst m.a. móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavini um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavinar, fjárfestingarráðgjöf og önnur fjárfestingarþjónusta, fjárfestingarstarfsemi og viðbótarþjónusta sem falla undir starfsleyfi félagsins á hverjum tíma, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.
- 1.4. Viðskiptaskilmálum þessum er m.a. ætlað að lýsa því sambandi sem er á milli félagsins og viðskiptavinar vegna viðskipta með fjármálagerninga, hvernig samningar og boðskipti fara fram, hvaða kröfur félagið setur um tryggingar fyrir viðskiptum og við hvaða aðstæður félaginu er heimilt að loka samningum.
- 1.5. Skilmálunum er einnig ætlað að undirstrika að viðskiptavinur hafi gert sér grein fyrir eðli þeirra viðskipta með fjármálagerninga og þjónustu sem falla undir skilmálana og þeirri áhættu sem þeim fylgir. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma, svo sem lög nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglugerð (ESB) 2017/565 sem varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja.
- 1.6. Félagið hefur sett sér reglur um fjárfestavernd og viðskiptahætti sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Á heimasíðunni má einnig finna aðrar verklagsreglur félagsins varðandi viðskipti með fjármálagerninga, s.s. um meðferð upplýsinga um viðskiptamenn, hagsmunaárekstra og bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla.
- 1.7. Vilji viðskiptavinur kvarta undan þjónustu félagsins getur hann beint kvörtun til félagsins, en nánari upplýsingar um meðferð kvartana er að finna í verklagsreglum félagsins um meðferð kvartana og ábendinga sem finna má heimasíðu félagsins.
- 1.8. Með undirritun viðskiptavinar á eyðublaði félagsins um upphaf viðskipta samþykkir viðskiptavinur skilmála þessa og skuldbindur sig til að lúta þeim þegar félagið veitir honum þjónustu samkvæmt skilmálum þessum. Sé viðskiptavinur lögaðili skal þar til gert eyðublað um samþykki undirritað af prókúruhafa eða í samræmi við firmaritun viðskiptavinar eftir því hver er atvinnustarfsemi viðskiptavinar og reglur viðskiptavinar um heimild til að skuldbinda hann. Með framangreindri undirritun staðfestir viðkomandi

aðili að hann hafi fullt umboð til að skuldbinda viðskiptavin á grundvelli skilmála þessara og samninga gerðra á grundvelli þeirra.

- 1.9. Sé ósamræmi milli samningsskilmála þessara og samnings sem gerður er sérstaklega á grundvelli þeirra, skulu ákvæði þess samnings ganga fram, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Samningsskilmálar þessir eru staðlaðir og er almennt ekki vikið frá þeim vegna einstakra viðskiptavina. Hvers konar áritanir, útstrikanir, viðbætur eða aðrar breytingar, sem viðskiptavinur kann að gera einhliða á skilmálunum, hafa ekkert gildi gagnvart félaginu.
- 1.10. Með því að samþykkja skilmála þessa, lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi reglulegan aðgang að internetinu og samþykkir að félaginu sé heimilt að veita upplýsingar á heimasíðu sinni sem tengjast samningssambandi félagsins og viðskiptavinar.

2. Heimild til að gefa viðskiptafyrirmæli

- 2.1. Áður en til viðskiptasambands er stofnað skal viðskiptavinur, í tilviki lögaðila, senda félaginu lista yfir þá einstaklinga sem heimild hafa til að gefa félaginu viðskiptafyrirmæli og á hvaða grundvelli þeir hafa það. Viðeigandi umboð skulu send félaginu og skal viðskiptavinur tryggja að viðskiptafyrirmæli séu einungis gefin af einstaklingum sem hafa fullnægjandi heimild til þess að skuldbinda lögaðilann, hvort heldur sem prókúruhafar eða samkvæmt sérstöku umboði. Viðskiptavinur lýsir því yfir að félagið hafi fulla heimild til þess að eiga viðskipti samkvæmt fyrirmælum frá prókúruhafa eða umboðsmanni viðskiptavinar og gera ráðstafanir í samræmi við slík fyrirmæli, allt þar til félagið hefur fengið skrifleg fyrirmæli frá viðskiptavini um að prókúruumboð eða umboð umboðsmanns hafi verið afturkallað eða því verið breytt.
- 2.2. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna félaginu án tafar ef breytingar verða á útgefnu umboði sem afhent hefur verið til félagsins. Enn fremur skuldbindur viðskiptavinur sig, sé hann lögaðili, til að tilkynna félaginu þegar í stað ef breytt er um firmaritun, framkvæmdastjórn og/eða prókúruhafa, ef tilgangi lögaðila er breytt sem og ef einhverjar breytingar verða á starfsemi lögaðila sem geta haft áhrif á samninga milli aðila.

3. Upplýsingagjöf viðskiptavinar

- 3.1. Samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga kann félaginu að bera skylda, við tilteknar aðstæður, til að framkvæma mat á viðskiptavini vegna tiltekinnar þjónustu og viðskipti með tiltekna fjármálagerninga.
- 3.2. Berist viðskiptavini beiðni frá félaginu um upplýsingar er viðkomandi viðskiptavini skylt að veita félaginu umbeðnar upplýsingar. Viðskiptavinur lýsir því jafnframt yfir að þær upplýsingar sem hann veitir félaginu um þekkingu, reynslu, fjárhag, fjárfestingarstefnu og áhættusækni eru réttar. Viðskiptavinur skal einnig upplýsa félagið ef verulegar breytingar verða á upplýsingum sem hann hefur þegar veitt félaginu.
- 3.3. Viðskiptavinur samþykkir að félagið byggji mat sitt á viðskiptavini á upplýsingum frá honum og að félagið muni ekki framkvæma sjálfstæða rannsókn á högum viðskiptavinar.
- 3.4. Viðskiptavini er einnig ljóst að félagið getur hugsanlega ekki veitt honum umbeðna þjónustu ef viðskiptavinur veitir ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar.
- 3.5. Félaginu er ekki skylt að meta hvort einstök viðskipti séu tilhlýðileg út frá þekkingu og reynslu viðskiptavinar þegar um er að ræða bein fyrirmæli um viðskipti með einfalda fjármálagerninga sem veitt eru að frumkvæði viðskiptavinar.

4. Áhætta

- 4.1. Viðskiptavininn er ljóst að fjárfesting og viðskipti með fjármálagerninga eru áhættusöm í eðli sínu. Viðskiptavininn er bent á að varhugavert er að skuldbinda sig með samningi eða eiga viðskipti án þess að hafa fullan skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í því felst. Viðskiptavininn er ráðlagt að miða fyrirhugaða fjárfestingu út frá þekkingu og reynslu sinni í tengslum við fjármálagerninga, fjárhagsstöðu sína og fjárfestingamarkmið.
- 4.2. Með samþykki skilmála þessara lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi, með fullnægjandi hætti, kynnt sér þá áhættu sem fylgir þeim viðskiptum með fjármálagerninga sem hann óskar eftir að félagið framkvæmi fyrir sig og/eða fyrir sína hönd og gerir félagið ráð fyrir því að viðskiptavinur kynni sér áhættu og eðli þeirra fjármálagerninga sem um ræðir áður en stofnað er til viðskipta.
- 4.3. Yfirlit yfir áhættu sem fylgir þeim viðskiptum og fjármálagerningum sem viðskiptavininum félagsins stendur til boða er að finna á heimasíðu félagsins. Viðskiptavinur getur jafnframt óskað eftir að fá yfirlitið sent til sín með bréfpósti.

5. Framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga

Almennt:

- 5.1. Félagið getur veitt viðskiptavininn þá þjónustu sem starfsleyfi félagsins heimilar.
- 5.2. Viðskiptafyrirmæli skulu hafa að geyma þær upplýsingar sem þarf til að félaginu sé mögulegt að framkvæma þau. Viðskiptafyrirmæli geta borist hvort heldur sem er skriflega eða munnlega. Viðskiptavininn er heimilt að senda viðskiptafyrirmæli til félagsins með tölvupósti, símbréfi, í gegnum hljóðritaðan borðsíma eða í gegnum aðra samskiptamiðla sem eru rekjanlegir, s.s. Skype for Business, Teams og Bloomberg. Félagið getur ekki tekið á móti viðskiptabeidnum í gegnum síma sem ekki er hljóðritaður. Skrifleg beiðni um viðskipti telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni félagsins. Beiðni um viðskipti er skuldbindandi fyrir viðskiptavin frá þeim tíma sem hún er móttækin af félaginu nema um annað sé sérstaklega samið.
- 5.3. Þegar félagið tekur við viðskiptafyrirmælum frá viðskiptavininn, eða þeim er komið á framfæri fyrir hönd viðskiptavinnar, eða þegar viðskipti fara fram mun félagið annast viðskiptin í samræmi við verklagsreglur félagsins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og í samræmi við flokkun viðskiptavinnar. Verklagsreglur um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og ákvæði skilmála þessara þar um eiga þó ekki við um þau viðskipti viðskiptavinnar sem flokkaðir eru sem viðurkenndir gagnadilar nema þeir hafi sérstaklega óskað eftir því. Með staðfestingu viðskiptaskilmála þessa lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi kynnt sér og lesið verklagsreglur félagsins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og leiðbeiningar um uppgjör og samþykkir að þær reglur gildi í lögskiptum aðila og hann sé bundinn af þeim, eins og þær eru á hverjum tíma. Viðskiptavininn er frjálst að hafna efni reglu félagsins um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og mæla sérstaklega fyrir um aðra framkvæmd. Félaginu ber þá að leitast við að veita þjónustu í samræmi við fyrirmæli viðskiptavinnar.
- 5.4. Viðskiptafyrirmæli skulu alla jafna afgreidd eins fljótt og auðið er með tilliti til aðstæðna á markaði hverju sinni. Félagið framkvæmir viðskiptafyrirmæli sambærilegra viðskiptavinnar á sama hátt, þ.e. í þeirri röð sem þau berast og eins fljótt og unnt er nema félagið telji að hagsmunum viðskiptavinnar sé þannig ekki best borgið miðað við markaðsaðstæður á þeim tíma. Til að ná fram bestu niðurstöðu hverju sinni kann viðskiptafyrirmælum viðskiptavinnar að vera safnað saman með öðrum fyrirmælum sem

berast félaginu. Ekki er tilkynnt sérstaklega þegar fyrirmælum er safnað saman. Í einstaka tilvikum kann söfnun fyrirmæla að leiða til þess að ekki náist besta niðurstaða fyrir viðskiptavin.

- 5.5. Taki félagið við skilyrtum viðskiptafyrirmælum frá viðskiptavini um kaup eða sölu fjármálagerninga innan EES og telji félagið ekki hagkvæmt að framkvæma viðskiptin strax og þau berast, mun félagið ekki birta skilyrt viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar opinberlega nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir því.
- 5.6. Félagið staðfestir alla samninga einhliða með tilkynningu á varanlegum miðli eða með tölvupósti, nema viðskiptavinur óski sérstaklega eftir að fá staðfestingu senda með bréfpósti.
- 5.7. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að samþykkja samninga félagsins innan tveggja daga frá því að samningur komst á með undirritun sinni eða með samþykki á varanlegum miðli. Ef viðskiptavinur gerir ekki athugasemd við efni samnings innan tveggja daga er félaginu heimilt að telja samninginn samþykktan af hálfu viðskiptavinar, líkt og undirritaður væri. Ef viðskiptavinur gerir athugasemd, skal beiðni hans, þ.m.t. upptaka í síma, samskipti í gegnum rekjanlegan samskiptamiðil eða tölvupóstur gilda sem sönnun fyrir skilmálum viðskipta.
- 5.8. Viðskiptavinur á ekki einhliða kröfu gagnvart félaginu um að einstök viðskipti með fjármálagerninga séu framkvæmd á grundvelli skilmála þessara. Samþykki starfsmanna félagsins þarf fyrir framkvæmd allra viðskipta og getur félagið einhliða fallist á eða hafnað beiðni um viðskipti. Þá er félaginu jafnframt heimilt að takmarka fjölda og fjárhæð þeirra viðskipta sem félagið samþykkir að annast. Viðskiptavini er þannig ljóst og staðfestir með samþykki sínu að félaginu er heimilt að neita um einstök viðskipti og að efni einstakra viðskipta og samninga, þ.m.t. skuldsetning viðskiptavinar ef við á, getur verið mismunandi eftir félögum, mörkuðum og markaðsaðstæðum. Í því felst einnig að félaginu er ávallt einhliða heimilt að hafna beiðni viðskiptavinar um gerð nýs eða endurnýjun samnings án frekari skýringa.
- 5.9. Félagið hefur einhliða heimild til að krefjast allra þeirra gagna, upplýsinga eða trygginga sem félagið telur fullnægjandi fyrir viðskiptum. Félagið hefur einhliða heimild til að meta hvort framlögð gögn, upplýsingar og/eða tryggingar teljist fullnægjandi.
- 5.10. Félagið veitir viðskiptavinum sínum ekki fjárfestingarráðgjöf, eins og hugtakið er skilgreint í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, nema sérstaklega sé óskað eftir því. Almennar upplýsingar um markaðsaðstæður og gengisþróun hverju sinni telst ekki vera persónuleg ráðgjöf til viðskiptavina nema það sé sérstaklega tekið fram. Félagið ábyrgist ekki að almennar upplýsingar sem félagið veitir séu til hagsbóta fyrir viðskiptavin.

Kaup viðskiptavina á fjármálagerningum:

- 5.11. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að eiga, á uppgjörssdegi, innstæðu á skuldfærslureikningi sínum hjá félaginu, eða þeim sem félagið vísar til, sem nemur kaupverði fjármálagerninga auk kostnaðar og hvers konar skatta. Félaginu er heimilt að kanna hvort viðskiptavinur hafi næga innstæðu á reikningi sínum til lúkningar viðskiptum eða að vörslureikningur hafi að geyma fjármálagerning sem þá skal tekinn til hliðar til lúkningar viðskiptum.
- 5.12. Greiðsla telst hafa borist félaginu þegar hún verður aðgengileg félaginu á bankareikningi þess. Fari uppgjör ekki fram á uppgjörssdegi vegna ófullnægjandi innstæðu á skuldfærslureikningi er um verulega vanefnd að ræða og er félaginu þá heimilt að ráðstafa

keyptum fjármálagerningi upp í skuldina, félaginu að kostnaðarlausu. Viðskiptavinur ábyrgist að greiða þann mismun sem út af stendur og allan kostnað félagsins af sölunni og vanefndunum.

- 5.13. Yfirfærsla réttinda yfir fjármálagerningi til viðskiptavinar skal framkvæmd og skráð af félaginu í samræmi við eðli fjármálagernings og í samræmi við ákvæði gildandi laga nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga nema lög, reglur, eðli fjármálagernings eða sérstakur skriflegur samningur kveði á um annað. Félagið kemur í slíkum tilvikum fram sem reikningsstofnun gagnvart viðskiptavini í skilningi þeirra laga.
- 5.14. Í þeim tilvikum þar sem fjármálagerningur fer í vörslu þriðja aðila í kjölfar kaupa, hvort sem hann er rafrænn eða á pappírformi, skal viðskiptavinur sjálfur gefa slíkum aðila fyrirmæli og skal viðskiptavinur þá sjálfur bera ábyrgð á yfirfærslu réttinda.

Sala viðskiptavina á fjármálagerningum:

- 5.15. Með samþykki skilmála þessara veitir viðskiptavinur félagsins umboð til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að framselja fjármálagerninga í sínu nafni, sem tilgreindir eru í viðskiptafyrirmælum viðskiptavinar, í samræmi við ákvæði laga og regna um skráningu og framsal verðbréfa og annarra fjármálagerninga þannig að eigi sé þörf á atbeina viðskiptavinar. Neiti viðskiptavinur um slíka ráðstöfun er félaginu heimilt að leita til sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur sinnir ekki.
- 5.16. Óski viðskiptavinur eftir sölu á fjármálagerningi sem er í vörslum viðskiptavinar sjálfs eða þriðja manns er viðskiptavini skylt að tryggja að umræddur fjármálagerningur berist félaginu til vörslu eins fljótt og auðið er en í öllu falli áður en viðskipti skulu gerð upp. Fjármálagerningur telst afhentur félaginu þegar hann er aðgengilegur því til ráðstöfunar. Félagið á rétt á staðfestingu þess efnis að viðskiptavinur sé eigandi eða geti afhent umræddan fjármálagerning.
- 5.17. Í þeim tilvikum þar sem félagið hefur ekki fengið nauðsynlegan ráðstöfunarrétt yfir fjármálagerningi þegar uppgjör á að fara fram skal félagið, eða eigin vali og á þann hátt sem félagið metur hagfelldastan, hafa fullt og ótakmarkað umboð til að kaupa fjármálagerning eða taka að láni viðeigandi fjármálagerning í því skyni að annast viðskipti og gera þau upp við kaupanda fjármálagernings, í samræmi við upphafleg fyrirmæli frá viðskiptavini. Viðskiptavinur ábyrgist að framangreindar ráðstafanir séu algjörlega skaðlausar fyrir félagið og að hann greiði allan kostnað, þóknanir og útgjöld tengd slíkum viðskiptum. Félaginu er heimilt en aldrei skylt að grípa til ráðstafana samkvæmt þessari málsgrein.
- 5.18. Viðskiptavinur skal bæta félaginu það tjón sem hlýst af töfum vegna afhendingar fjármálagerninga, þar á meðal vegna sekta sem viðkomandi viðskiptavettvangur, opinber aðili eða annar þriðji aðili kann að leggja á félagið eða vegna krafna annarra aðila sem kunna að eiga bótarétt á hendur félaginu í kjölfar vanefnda viðskiptavinar á skyldum sínum.

Afturköllun fyrirmæla um viðskipti, óskýr fyrirmæli og viðskipti sem falla niður:

- 5.19. Viðskiptavinur veitir félaginu ótakmarkaða heimild til að ákveða að eigin mati, án samráðs við viðskiptavin og án nokkurrar ábyrgðar af hálfu félagsins, að fara ekki að eða hætta við að fara að viðskiptafyrirmælum:
- 5.19.1. ef slík fyrirmæli eru felld niður eða stöðvuð af viðkomandi markaði (kauphöll, skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga); eða

- 5.19.2. ef sýnt þykir að tilboði er ætlað að hafa óeðlileg áhrif á verðmyndun í viðskiptakerfi viðkomandi kauphallar, tilboðið hefur engan viðskiptalegan tilgang eða er ætlað að tefja eða koma í veg fyrir aðgang annarra aðila að viðskiptakerfinu; eða
 - 5.19.3. ef félagið telur að eigin mati, að fyrirmæli um viðskipti séu óskýr, ófullnægjandi, varhugaverð, stangist á við önnur fyrirmæli eða séu bersýnilega röng vegna villu/mistaka af hálfu félagsins, viðskiptavinar eða mótaðila í viðskiptum; eða
 - 5.19.4. ef tæknilegar truflanir í viðskipta- og/eða uppgjörskerfum geta að mati félagsins komið í veg fyrir að viðskiptin fari eðlilega fram; eða
 - 5.19.5. ef viðskiptavinur brýtur gegn lögum eða reglum viðkomandi markaðar; eða
 - 5.19.6. ef markaðsaðstæður breytast frá þeim tíma er viðskiptavinur sendir eða gefur fyrirmæli um viðskipti og ekki er hægt að verða við þeim.
- 5.20. Beiðni um viðskipti eða önnur fyrirmæli viðskiptavinar til félagsins eru á ábyrgð viðskiptavinar. Ef beiðni um viðskipti er gefin munnlega, s.s. í síma, hefur viðskiptavinur sönnunarbyrði fyrir því að beiðni hafi verið send, að starfsfólk félagsins hafi farið út fyrir fyrirmælin eða tekið ákvarðanir sem ekki hafi verið gefin munnleg fyrirmæli um.
- 5.21. Verði viðskiptavinur þess var að hann hafi gefið fyrirmæli um kaup eða sölu, sem eru röng eða ófullkomin eða ekki í samræmi við ætlun hans, skuldbindur viðskiptavinur sig til að tilkynna félaginu það þegar í stað og veitir viðskiptavinur þá félaginu fullt umboð og sjálfðæmi til að meta hvort mögulegt sé að afturkalla fyrirmæli um viðskipti á viðkomandi markaði eða viðskiptavettvangi.
- 5.22. Viðskiptavinur ber alla ábyrgð og áhættu á því að viðskiptafyrirmæli berist félaginu með fullnægjandi hætti. Séu fyrirmæli viðskiptavinar óskýr eða ófullnægjandi áskilur félagið sér fullan rétt til, án nokkurrar bótaábyrgðar, að fara að fyrirmælunum eins og félagið telur að skilja beri þau í góðri trú eða neita að annast viðskiptin uns viðskiptavinur hefur lagfært fyrirmælin, gefið á þeim skýringar eða breytt þeim á þann hátt að félagið telji þau fullnægjandi. Viðskiptavinur samþykkir að taka fulla ábyrgð á öllu tjóni sem félagið kann að verða fyrir vegna viðleitni til að fara að fyrirmælum af ofangreindu tagi.

6. Varðveisla fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina og safnskráning

- 6.1. Við stofnun viðskiptasambands við félagið er opnaður reikningur í nafni viðskiptavinar hjá eftirlitsskyldri verðbréfamiðstöð á grundvelli þessara skilmála nema samkomulag sé um annað. Félagið gegnir hlutverki vörsluaðila í samræmi við ákvæði þessara skilmála en félagið varðveitir verðbréf og fjármuni viðskiptavina sinna einungis vegna uppgjors á viðskiptum með fjármálagerninga í samræmi við starfsleyfi sitt. Félagið skal tryggja að eignir viðskiptavina séu aðgreindar frá eignum félagsins og að þeim sé, eftir bestu getu, haldið frá kröfuhöfum.
- 6.2. Um vörslu félagsins, í skilningi gr. 6.1. reglna þessara, á fjármálagerningum viðskiptavinar gilda ákvæði þessara skilmála.
- 6.3. Viðskiptavinur samþykkir að félaginu sé heimilt að nota þjónustu og að varðveita fjármálagerninga og fjármuni viðskiptavinar hjá þriðja aðila, s.s. öðru fjármálafyrirtæki eða uppgjörsaðila, enda séu eignir viðskiptavinar varðveittar á sérstökum reikningi félagsins sem stofnaður er fyrir hönd viðskiptavinar. Um ábyrgð félagsins vegna aðgerða eða aðgerðarleysis þriðja aðila fer samkvæmt viðeigandi gildandi lögum, reglum og reglugerðum.
- 6.4. Viðskiptavinir félagsins kunna að óska eftir viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum kunna eignir viðskiptavinar, hvort heldur sem eru á eigin reikningi viðskiptavinar eða reikningi félagsins, að falla undir löggjöf sem er utan lögsagnarumdæmis Evrópska

efnahagssvæðisins sem getur leitt til annarrar réttarstöðu viðskiptavinar.

- 6.5. Í tengslum við samninga félagsins við þriðja aðila um vörslu fjármálagerna og viðskipti með fjármálagerna kunna fjármálagerningar viðskiptavinar og félagsins að standa til tryggingar á uppgjöri viðskipta. Í slíkum tilvikum kann þriðji aðili, sem vörsluaðili, að eiga rétt til skuldajöfnunar.

Félaginu er heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af reikningi hans ef viðskiptavinur skuldar gjöld eða þóknunir vegna veittrar þjónustu eða ef sýnt þykir að félagið kunni að eiga skuldajöfnunarrétt við innstæðu viðskiptavinar. Þá er félaginu heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af reikningi hans ef grunur leikur á um misnotkun reikningsins eða sýnt þykir að viðskiptavinur kunni að vera ógreiðslufær ef greiðslan er framkvæmd. Viðskiptavini er tilkynnt svo fljótt sem verða má um slíka synjun.

- 6.6. Viðskiptavinur samþykkir að félaginu sé heimilt að varðveita fjármálagerna í eigu viðskiptavinar á sameiginlegum reikningi í nafni félagsins hjá þriðja aðila, að fullnægðum skilyrðum safnskráningar, sbr. 42. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerna. Þá staðfestir viðskiptavinur að honum er ljóst að félaginu er skylt að veita Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands upplýsingar samkvæmt reglugerð nr. 706/2008 um safnskráningu og varðveislu fjármálagerna á safnreikningi. Heimilar viðskiptavinur félaginu að veita Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands þær upplýsingar sem nauðsynlegt er að veita samkvæmt reglugerð nr. 706/2008. Helstu réttaráhrif safnskráningar eru:

6.6.1. Komi til þess að bú félagsins sé tekið til gjaldþrotaskipta eða farið sé fram á greiðslustöðvun, slit félagsins eða sambærilegar ráðstafanir getur viðskiptavinur á grundvelli safnskráningarinnar tekið fjármálagerna sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald viðskiptavinar. Ágreiningur um eignarhald getur hins vegar orðið til þess að réttindi tapast.

6.6.2. Fjármálagerningar sem skráðir eru á safnreikningi njóta ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum.

6.6.3. Viðskiptavinur verður ekki skráður í hluthafaskrá viðkomandi útgefanda fjármálagerna. Arður eða önnur réttindi sem koma frá viðkomandi útgefanda fara inn á safnreikning félagsins og eru síðan skráð sem eign viðskiptavinar samkvæmt safnskrá félagsins.

6.6.4. Eignarhlutur í safnskráningu lýtur að öðru leyti sömu réttindum og skyldum og almennt gilda, svo sem varðandi flöggunarskyldu og yfirtökuskyldu, lögum samkvæmt.

- 6.7. Þegar fjármálagerningar eru varðveittir á safnreikningi heldur félagið skrá yfir hlut viðskiptavinar svo ekki leiki vafi á því hver sé endanlegur eigandi fjármálagerna sem þar eru skráðir. Við upphaf viðskiptasambands skal viðskiptavinur veita félaginu upplýsingar um hverjir séu raunverulegir eigendur þeirra fjármálagerna sem viðskiptavinur óskar eftir að verði varðveittir á safnreikningi.

7. Haldsréttur

- 7.1. Félagið hefur haldsrétt í þeim fjármálagerningum sem eru á reikningi viðskiptavinar fyrir öllum greiðslum sem félagið kann að eiga rétt á frá viðskiptavini og eru gjaldfallnar.

8. Skuldfærsla reikninga og gjaldtaka

- 8.1. Ef krafa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, er félaginu heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar hjá félaginu í þeim gjaldmiðli sem krafan er í og gera þannig upphaflegu kröfuna upp. Gjalddagi ákvarðast ýmist samkvæmt samningi

eða uppgjörsvendu. Hið sama gildir um reikninga viðskiptavinar sem félagið hefur stofnað hjá þriðja aðila vegna viðskipta viðskiptavinar með fjármálagerninga.

- 8.2. Félagið áskilur sér þóknunir og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við gjaldskrá félagsins eins og hún er á hverjum tíma. Félagið áskilur sér rétt til að birta viðskiptavini nýjar upplýsingar um þóknunir og gjöld á heimasíðu sinni. Gjöld og þóknunir skal greiða þegar þess er krafist og telst sá dagur gjalddagi sé ekki um annað samið. Með staðfestingu á skilmálum þessum fellst viðskiptavinur á slíka gjaldtöku og heimilar jafnframt að reikningur hans sé skuldfærður vegna þeirra.
- 8.3. Á grundvelli haldsréttar síns í eignasafni viðskiptavinar getur félagið selt einstaka fjármálagerninga viðskiptavinar á markaði, beitt skuldajöfnuði og ráðstafað söluandvirðinu til greiðslu þóknunar og annars kostnaðar.
- 8.4. Viðskiptavinur skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að vera á samninginn eða greiðslur samkvæmt honum, félaginu að skaðlausu. Ef erlend bréf bera stimpilgjald bætist það á upphafsþóknun viðskiptavinar.

9. Samruni félaga, breyting á tilgangi o.fl.

- 9.1. Ef viðskiptavinur er lögaðili og taki hann ákvörðun um að sameinast öðru félagi eða félögum, skipta félaginu upp í fleiri sjálfstæð félög, breyta starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi félags í samþykktum þess, eða verði veruleg breyting á eignaraðild í félaginu (viðskiptavinarins), er félaginu heimilt að segja upp öllum viðskiptasamningum sem eru í gildi milli aðila, telji félagið að slíkar breytingar hafi verulega neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll/fjárhagsstöðu félagsins/viðskiptavinar eða getu þess/hans til að standa við skuldbindingar sínar.
- 9.2. Viðskiptavinur skal tilkynna félaginu án tafar um slíka ákvörðun. Uppsagnarfestur skal vera fimmtán (15) dagar frá því að félagið tilkynnir viðskiptavin um ákvörðun sína um að segja viðskiptavini upp. Allir samningar skulu þá falla í gjalddaga strax að liðnum uppsagnarfresti og skal fjárhagslegt uppgjör fara fram þá þegar.

10. Tryggingar

- 10.1. Viðskiptavinur kann að vera krafinn um tryggingar sem félagið metur fullnægjandi til tryggingar skilvísu og skaðlausu greiðslu, hvort sem er vegna einstakra viðskipta, samninga eða allsherjartryggingu. Í þeim tilvikum skal ávallt gerður sérstakur skriflegur samningur, s.s. handveðsyfirlýsing eða tryggingarbréf.
- 10.2. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að undirrita öll skjöl í tengslum við tryggingartöku.
- 10.3. Viðskiptavini er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa með öðrum hætti þeim tryggingum sem hann hefur sett félaginu án samþykkis þess.
- 10.4. Leggi viðskiptavinur fram innstæðu á bankareikningi sem tryggingu skal reikningurinn handveðsettur félaginu sérstaklega. Leggi viðskiptavinur fram eign á vörslureikningi sem tryggingu skal reikningurinn vera hjá félaginu nema samið sé um annað sérstaklega. Tryggingar viðskiptavinar sem lagðar eru fram í formi rafréfa skulu veðsettar á VS-reikningi viðskiptavinar sem tengdur er vörslureikningi hans hjá T plus ehf. eða öðrum aðila. Leggi viðskiptavinur fram verðbréf á pappírformi sem tryggingu skulu verðbréfin vera í vörslu félagsins. Verði slík bréf (á pappírformi) síðar skráð rafrænni eignarskráningu felst í staðfestingu viðskiptavinar á skilmálum þessum umboð til handa félaginu til þess að stofna VS-reikning í nafni viðskiptavinar, færa bréfin á hann og skrá þau veðsett félaginu.

- 10.5. Hverjar þær eignir sem viðskiptavinur afhendir félaginu standa til tryggingar öllum skuldum og öðrum fjárskuldbindingum viðskiptavinar, nú eða síðar, við félagið, í hvaða formi eða gjaldmiðli sem skuldbindingarnar eru eða verða á hverjum tíma, allt að vali félagsins, og hvort sem um er að ræða höfuðstól, vexti, verðbætur, tap, gengismun, dráttarvexti, innheimtukostnað eða annan kostnað, hverju nafni sem nefnist.
- 10.6. Félagið leggur mat á verðmæti trygginga og hvort þær teljist fullnægjandi. Skal mat félagsins talið gilda enda sé ekki um annað samið sérstaklega. Við mat á tryggingum tekur félagið m.a. mið af markaðsverðmæti viðkomandi eigna og er endurmetið reglulega. Þar sem markaðsverðmæti trygginga getur tekið fyrirvaralausum breytingum, einkum ef tryggingar hafa verið settar í formi fjármálagerninga, er viðskiptavininn ljóst að endurmat getur leitt til þess að krafist verði viðbótartrygginga.
- 10.7. Ef samningur kveður á um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, hvort heldur sem miðað er við verðmæti veðsins (t.d. handveðs) eða verðmæti þeirra samninga sem þeim er ætlað að tryggja (t.d. afleiðusamninga), og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal viðskiptavinur leggja fram viðbótartryggingar þannig að umsömdu lágmarki verði náð.
- 10.8. Kveði samningur ekki sérstaklega á um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki er félaginu hvenær sem er heimilt að krefja viðskiptavin um frekari tryggingar. Setji félagið fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptavinur verða við kröfu félagsins innan tveggja (2) bankadaga frá því félagið hefur sett fram slíka kröfu. Breytingar á markaðsaðstæðum kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er félaginu því heimilt við slíkar aðstæður að setja skemmri frest, jafnvel krefjast trygginga samdægurs, eða stytta áður veittan frest.
- 10.9. Kröfur um tryggingar eða viðbótartryggingar getur félagið sett fram skriflega, í síma, með símbréfi (faxi) eða tölvupósti. Tilkynning þess efnis skal talin send á réttan stað hafi hún verið send á tölvupóstfang/símbréfnúmer sem viðskiptavinur hefur gefið upp, nema félaginu sé greinilega ljóst að tilkynningin hefur ekki skilað sér. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn/símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti/símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi/símbréfstæki. Tilkynning í síma telst þegar komin til vitundar viðskiptavinar. Viðskiptavinur skal tilkynna félaginu um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Slík tilkynning telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni félagsins.

11. Skuldajöfnun (nettun) samninga

11.1. Um skuldajöfnun gildir eftirfarandi:

- 11.1.1. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund fjármálagerninga, er félaginu heimilt, en ekki skylt, að skuldajafna þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er.
- 11.1.2. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu er félaginu engu að síður heimilt, en ekki skylt, að krefjast skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur félagið umreiknað greiðsluna í krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnunar kemur.
- 11.1.3. Ef skuldbindingar viðskiptavinar samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa eru gjaldfelldar getur félagið skuldajafnað öllum kröfum sínum á hendur viðskiptavini gagnvart sérhverjum kröfum viðskiptavinar vegna viðskiptasambands aðila. Skal þá gera upp hagnað og/eða tap aðila vegna

viðskipta aðila í einu lagi og eingöngu mismunur koma til greiðslu, ef einhver er.

11.1.4. Hafi tiltekinn fjöldi viðskipta eða viðskipti með óskylda fjármálagerninga fyrir viðskiptavin sama uppgjörsdag, áskilur félagið sér rétt til að skuldajafna kaup- og sölufjárhæðir viðkomandi fjármálagerninga á uppgjörstegi og greiða viðskiptavinini mismun eða krefja viðskiptavin um mismun.

11.2. Um uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umreikning, fer samkvæmt 12. gr.

11.3. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptavinur að kominn sé á skriflegur samningur við félagið í samræmi við 6. þátt laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga um að skyldur viðskiptavinar og félagsins samkvæmt samningum um afleiður, sbr. 112. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, skuli jafnast hver á móti annarri með skuldajöfnun, við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og að samningurinn skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

12. Vanefndir og gjaldfellingar- og fullnustuheimildir

12.1. Vanefni viðskiptavinar skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum, viðskiptum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur tvo (2) bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd varð.

12.2. Vanefni viðskiptavinar skuldbindingar sínar verulega samkvæmt samningsskilmálum þessum, viðskiptum eða samningum gerðum á grundvelli þeirra að mati félagsins er því heimilt, en ekki skylt, að selja fjármálagerninga í heild eða hluta, gjaldfella samninga aðila í heild eða hluta eða loka þeim fyrirvaralaust. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag. Lokun með móttæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi miðað við markaðgengi, markaðsvexti og kjör viðskiptavinar á þeim tíma. Við útreikning á hagnaði/tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi.

12.3. Neðangreind tilvik, án þess að um tæmandi talningu sé að ræða, skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd á skyldum viðskiptavinar í framangreindum skilningi:

12.3.1. Ef viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd innan tveggja (2) bankadaga, sbr. 12.1. gr.

12.3.2. Ef viðskiptavinur er í vanskilum við félagið með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja (2) bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við félagið.

12.3.3. Ef viðskiptavinur sendir félaginu ekki staðfestingu á viðskiptum innan 7 daga frá dagsetningu hans eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.

12.3.4. Ef viðskiptavinur leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar eða viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. 14. gr.

12.3.5. Ef viðskiptavinur er dæmdur til greiðslu peningaskuldar sem færð er í vanskilaskrá, gert er fjárnám hjá viðskiptavini, hann óskar eftir greiðslustöðvun, nauðasamningi eða samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda í heild eða að hluta, lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar, lánveitandi bregst við greiðsluvanda viðskiptavinar með því að veita skuldbreytingalán, fresta greiðslum á lánum eða lengja lánstíma eða fjárhag viðskiptavinar er þannig háttað að verulegar líkur eru á því að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða önnur atvik svipuð eða

- sambærileg þeim sem að framan greinir eiga sér stað.
- 12.3.6. Ef viðskiptavinur vanrækir upplýsingaskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
 - 12.3.7. Inni viðskiptavinur ekki greiðsluskyldu sína af hendi á uppgjörstegi verðbréfs, sammings eða fjármálagernings.
 - 12.3.8. Viðskiptavinur sannar ekki á sér deili með því að leggja fram þau skjöl og skilríki sem nauðsynleg eru, sbr. 10. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- 12.4. Félagið tilkynnir viðskiptavini um það þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld eða samningi/samningum lokað vegna verulegra vanefnda. Slík tilkynning skal send í samræmi við greinar 10.2 og 14.2. gr.
- 12.5. Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar sammings/samninga annast félagið útreikning á hagnaði/tapi viðskiptavinar af viðeigandi samningi/samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga, sbr. 12.6. gr. Félagið skal senda viðskiptavini þann útreikning í samræmi við grein 14.2.
- 12.6. Séu skuldbindingar viðskiptavinar gjaldfelldar hefur félagið fulla heimild til, án frekari fyrirvara, að leita fullnustu fyrir öllum kröfum sínum, á hvern þann hátt sem félagið kys, m.a. að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett. Er félaginu í sjálfvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem settar hafa verið eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert. Þannig er félaginu m.a. heimilt:
- 12.6.1. að ganga að veðsettu reiðufé,
 - 12.6.2. að láta selja hið veðsetta nauðungarsölu til fullnustu á skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að því marki sem þörf er á til að félagið fái fullnaðargreiðslu eða
 - 12.6.3. að selja á markaði eða taka til sín hluti að eigin vali að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum félagsins. Skal verð þeirra þá miðað við markaðsverð hlutanna á þeim degi er félagið ákveður að nýta sér heimildina. Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll skal miðað við lokaverð í viðkomandi kauphöll daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndum þann dag verið óeðlileg að mati félagsins er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri bankadaga og taka tillit til veltu bréfanna einstaka daga. Við mat á markaðsverðmæti óskráðra bréfa skal félagið framkvæma verðmat og taka mið af því verði sem leiðandi fjármálafyrirtæki, sem eiga viðskipti við félagið með viðkomandi bréf, greiða fyrir þau.
- 12.7. Komi til þess að viðskiptavinur vanefni skyldur sínar við félagið verulega samþykkir viðskiptavinur að félagið hafi fullt og ótakmarkað umboð til að framselja fjármálagerninga viðskiptavinar, kvitta fyrir allar greiðslur og framkvæma allt það sem með þarf og félagið álitur sér hagkvæmt. Verði þörf á frekari atbeina viðskiptavinar til að aðilaskipti að fjármálagerningum geti farið fram, t.d. með afhendingu hvers konar nauðsynlegra gagna, skuldbindur viðskiptavinur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni og sinni viðskiptavinur því ekki, er félaginu heimilt að leita aðstoðar sýslumanns og dómstóla til að láta framkvæma það, sem viðskiptavinur sinnir ekki.
- 12.8. Félaginu er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörstegi.
- 12.9. Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfu félagsins frá og með gjaldfellingardegi í samræmi við neðangreint:

12.9.1. Fjárhæð gjaldfelldrar eða gjaldfallinnar kröfu skal bera dráttarvexti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga til greiðsludags. Gildir einu hvort fjárhæð kröfu er í íslenskum krónum, erlendum myntum eða félagið hefur ákveðið að umbreyta fjárhæðinni yfir í íslenskar krónur. Hafi sérstaklega verið samið um dráttarvexti í samningi um viðskipti skulu ákvæði þess samnings ganga framam framangreindu. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.

12.10. Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar á skyldum hans, skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að greiða félaginu auk vaxta og/eða dráttarvaxta allan kostnað sem félagið leggja út fyrir vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða öðru er félaginu ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá.

12.11. Í þeim tilfellum þar sem framangreindar ráðstafanir duga ekki til að greiða allar kröfur félagsins gagnvart viðskiptavini, skuldbindur viðskiptavinur sig til að greiða að fullu allan mismun þeirra krafna sem ógreiddar eru.

13. Ábyrgð á samningum, skaðleysisfirlýsing, force majeure

13.1. Með samþykki sínu lýsir viðskiptavinur því yfir að honum er ljóst að þau viðskipti sem hann kann að eiga við félagið og sem falla undir skilmála þessa geta verið sérstaklega áhættusöm. Ber viðskiptavini því að afla sér ráðgjafar utanaðkomandi sérfræðinga telji hann hennar þörf. Óski viðskiptavinur eftir álit starfsmanna félagsins og láti þeir álit í té á grundvelli slíkrar óskar, er áréttað að það álit sem starfsmenn kunna að láta honum í té á grundvelli slíkrar beiðni er eingöngu skoðun viðkomandi starfsmanns á þeim tíma og getur breyst án fyrirvara.

13.2. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að í viðskiptum félagið sem falla undir skilmálana felst hvorki viðskiptavakt né eignastýring fyrir viðskiptavin. Af því leiðir að félagið ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptavinar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema samið sé sérstaklega um slíkt með þeim sérstöku og almennu fyrirvörum sem kunna að gilda hverju sinni. Það er því alfarið á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við félagið.

13.3. Félagið ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi viðskiptavinar vegna breytinga á gengisþróun í kjölfar gjaldfellingar, t.d. ef viðskiptavinur hefði hagnast á gengisþróun ef ekki hefði komið til gjaldfellingar.

13.4. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst á mjög skömmum tíma getur félagið ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða fyrirmæli viðskiptavinar um gerð samnings eða viðskipta á umbeðnu gengi. Félagið ber ekki ábyrgð á því tjóni eða tapi sem viðskiptavinur kann að verða fyrir við það að beiðni um gerð samnings eða einstök viðskipti séu afgreidd á óhagstæðara gengi en fyrirmæli gerðu ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina.

13.5. Félagið ber ekki ábyrgð á því ef viðskiptavinur vanefnir skyldur sínar gagnvart því. Félagið gengur þar af leiðandi að tryggingum eða beitir þeim ákvæðum sem eru félaginu heimilar og tryggingar eru seldar eða gengið að þeim að öðru leyti á lægra verði eða gengi en viðskiptavinur kann að hafa gert ráð fyrir.

13.6. Félagið ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptavinur kann að verða

fyrir ef skattur sem taka á af viðskiptavini er ekki tekinn eða ranglega tekinn. Verði lagður skattur og/eða opinber gjöld á samning eða einstök viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptavinur greiða þau viðbótargjöld.

- 13.7. Félagið ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptavinur kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði félagsins eða af öðrum hliðstæðum orsökum, s.s. við notkun á pósthúsi, síma, telexi, símbréfi (faxi) eða tölvupósti. Þá er félagið ekki ábyrgt fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 13.8. Félagið ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. force majeure), s.s. stríði eða yfirvofandi stríðsátökum, hryðjuverkum, náttúruhamförum, verkfalli, verkbanni, lokunum landamæra eða viðskipta- eða hafnbanni.
- 13.9. Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum félagsins vegna atvika sem félaginu verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa eða annarra atvika sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að félaginu verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á verðbréfi viðskiptum eða samningum, sem undir skilmála þessa falla, á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við samningsgerð, getur félagið, að undangenginni tilkynningu til viðskiptavinar gjaldfellt eftirstöðvar lána eða fært lokadag samnings fram með sjö daga fyrirvara. Sama gildir verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.
- 13.10. Félagið ber ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórn málalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er félagið veitir, jafnvel þó að slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.
- 13.11. Félagið ber hvorki ábyrgð á að fjármálagerningur beri þá ávöxtun sem félagið eða viðskiptavinur hefur væntingar um, né heldur að þróun gjaldmiðla verði með þeim hætti er aðilar kunna að gera sér vonir um. Þá ber félagið ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að kaupa eða selja fjármálagerninga þá eða gjaldeyri er viðskiptavinur hefur óskað kaupa eða sölu á, á því verðbili er viðskiptavinur hefur óskað eftir.

14. Viðskiptayfirlit og upplýsingagjöf

- 14.1. Félagið skal senda viðskiptavinum viðskiptanótu um sérhver viðskipti með fjármálagerninga sem félagið framkvæmir fyrir viðskiptavin á grundvelli þessara skilmála eins fljótt sem auðið er eftir framkvæmd viðskiptanna. Félagið sendir slíka tilkynningu á varanlegum miðli eða í tölvupósti, nema óskað sé eftir að fá hana senda með bréfpósti. Hafi viðskiptavinur ekki gert skriflegar athugasemdir við viðskiptanótu eða yfirlit innan fimmtán (15) daga frá dagsetningu þeirra lítur félagið svo á að þau hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis.
- 14.2. Komi til gjaldfellingar samnings, eða viðskiptavinnu vanefnir greiðslu á gjalddaga, skal félagið senda viðskiptavini tilkynningu um útreikning félagsins á greiðsluskyldunni og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Tilkynningin skal send innan tuttugu og eins (21) daga frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.
- 14.3. Viðskiptavini er skylt að tilkynna félaginu þegar í stað um allt það er kann að hafa áhrif á viðskiptasamband aðila, þ. á m. um allar fyrirliggjandi eða fyrirsjáanlegar vanefndir eða

öll atvik er leitt gætu til vanefnda, hvort sem er samkvæmt skilmálum þessum eða öðrum skilmálum eða samningum milli aðila. Þá er viðskiptavinur skylt að tilkynna félaginu ef hann er eða verður innherji í félagi sem skráð er á markaði eða ef aðrar sambærilegar ástæður takmarka heimild viðskiptavinar til að eiga viðskipti með ákveðna fjármálagerninga.

- 14.4. Viðskiptavinur skal hvenær sem félagið óskar þess, afhenda félaginu hverjar þær upplýsingar sem félagið telur nauðsynlegt að afla og lúta að fjárhagsstöðu viðskiptavinar og/eða þekkingu og reynslu hans af viðskiptum.
- 14.5. Viðskiptavinur lýsir því yfir með sérhverjum beiðnum er varða erlenda fjármálagerninga að allir erlendir fjármálagerningar sem hann, eða aðrir í hans umboði, kann að eiga viðskipti með fyrir milligöngu félagsins tilheyra honum persónulega og að hann teljist raunverulegur eigandi þeirra (e. beneficial owner) og að fjármálagerningana megi hvorki nú né síðar rekja til refsiverðar háttsemi.
- 14.6. Félagið mun ekki birta tilkynningar um fyrirtækjaaðgerðir fyrirtækja sérstaklega. Með fyrirtækjaaðgerðum er átt við aðgerðir sem leiða til breytinga á fjárhagslegri skuldbindingu fyrirtækja, s.s. arðsúthlutun og útgáfa jöfnunarhlutafjár. Viðskiptavinur lýsir því yfir að hann sé ábyrgur fyrir því að fylgjast með tilkynningum um slíkar fyrirtækjaaðgerðir og að ákvörðun hans um að taka þátt í slíkum fyrirtækjaaðgerðum er á hans ábyrgð. Skal viðskiptavinur koma óskum þess efnis á framfæri við félagið sem hefur milligöngu um þátttöku hans.
- 14.7. Við andlát viðskiptavinar eða slit, sé hann lögaðili, skal gera félaginu viðvart og skal þar til bær aðili upplýsa félagið um ráðstöfun réttinda og skyldna viðskiptavinar. Hafi félagið ekki fengið upplýsingar frá slíkum aðila innan fimm (5) bankadaga frá andláti eða sliti viðskiptavinar skulu áður gefnar upplýsingar, t.d. um heimildir til að koma fram fyrir hönd viðskiptavinar, teljast réttar auk þess sem félaginu er þá heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella og/eða loka samningi/samningum viðskiptavinar við félagið. Ber félagið enga ábyrgð á tjóni sem kanna að verða vegna þessa. Félagið áskilur sér jafnframt rétt til að neita að fylgja fyrirmælum ef minnsta óvissa er um það hver skuli hafa rétt til að taka ákvarðanir varðandi réttindi og skyldur viðskiptavinar eftir andlát eða slit hans og ber félagið enga ábyrgð vegna tjóns sem stafa kann af því.
- 14.8. Með staðfestingu þessara skilmála lýsir viðskiptavinur því yfir að félaginu sé heimilt að eiga öll samskipti við viðskiptavin skriflega, í síma, með símbréfi (faxi), tölvupósti eða í gegnum aðgangsstýrða þjónustusíðu viðskiptavinar á heimasíðu félagsins eða í gegnum heimasíðu félagsins. Viðskiptavinur samþykkir áhættuna sem felst í rafrænu samskiptaformi m.a. hættuna á því að tölvupóstur komist ekki til skila á réttum tíma og mögulega hættu á því að trúnaði verði stefnt í hættu með slíku samskiptaformi. Samskipti skulu talin hafa átt sér stað hafi beiðni um að framkvæma tiltekin viðskipti borist í gegnum tölvupóstfang eða símbréf sem viðskiptavinur hefur gefið upp, nema félaginu sé greinilega ljóst að upplýsingar hafi ekki skilað sér, t.d. með svarpósti þess efnis að netfang sé ekki lengur virkt. Viðskiptavinur samþykkir með staðfestingu skilmála þessa að uppgæfið tölvupóstfang er tölvupóstfang viðskiptavinar sem hann skoðar daglega og les tölvupósta sem þangað berast.
- 14.9. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því ef netþjónn/símbréfstæki hans kemur ekki tölvupósti/símbréfi til skila, t.d. vegna bilana í tölvukerfi/símbréftæki. Viðskiptavinur skal tilkynna félaginu um leið og breyting verður á heimilisfangi hans, síma, tölvupóstfangi eða öðrum sambærilegum upplýsingum. Skrifleg beiðni telst móttækin þegar hún er lesin af starfsmanni félagsins.
- 14.10. Félagið sendir viðskiptavinum frekari yfirlit og upplýsingar um veitta þjónustu eftir

því sem lög mæla fyrir eða viðskiptavinur óskar eftir á varanlegum miðli eða í tölvupósti.

- 14.11. Með staðfestingu sinni á skilmálum þessum lýsir viðskiptavinur því yfir að félaginu sé heimilt að miðla upplýsingum er varða viðskiptavin sérstaklega s.s. breytingar/uppfærsla á reglum um bestu framkvæmd, stefnu gegn hagsmunaárekstrum og breytingum á þessum skilmálum á varanlegum miðli eða í tölvupósti. Viðskiptavinur getur fengið slík gögn með bréfpósti óski hann sérstaklega eftir því.

15. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

- 15.1. Til að uppfylla ákvæði laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, ber félaginu skylda til að afla upplýsinga um viðskiptavin. Ef viðskiptavinur er einstaklingur og hefur við samþykkt skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá félaginu skal hann sanna á sér deili með því að fylla út og undirrita eyðublað um upphaf viðskipta og afhenda umbeðin gögn. Þá skal viðskiptavinur, ef hann er lögaðili og hefur við samþykkt skilmála þessara ekki áður stofnað til viðskipta hjá félaginu, sanna á sér deili með því að fylla út og undirrita eyðublað um upphaf viðskipta fyrir lögaðila og afhenda umbeðin gögn. Þ.m.t. upplýsingar um starfsemi og hverjir hafi heimild til að skuldbinda lögaðilann gagnvart félaginu. Þeir sem hafa heimild til að skuldbinda viðskiptavin skulu sanna á sér deili með framvísun persónuskilríkja.
- 15.2. Félagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast frekari gagna um viðskiptavin og þá fjármuni sem hann hyggst stunda viðskipti með við félagið.
- 15.3. Með samþykki skilmála þessara staðfestir viðskiptavinur að þeir fjármunir sem hann hyggst stunda viðskipti með eru í hans eigu. Óski hann eftir, við stofnun viðskipta eða síðar, að leggja fram fjármuni í eigu annarra skal hann tilkynna félaginu um slíkt skriflega og getur félagið þá krafist allra nauðsynlegra gagna í því sambandi. Hið sama gildir ef breytingar verða á þeim upplýsingum eða gögnum sem viðskiptavinur afhendir félaginu samkvæmt framanrituðu.
- 15.4. Að öðru leyti vísast til reglna félagsins um aðgerðir gegn peningabætti.

16. Upptaka símtala, geymsla og vistun gagna

- 16.1. Til að tryggja öryggi viðskiptavinar og félagsins og sem tæki til að leiðrétta hugsanlegan misskilning, er viðskiptavini kunnugt um að viðskiptasímtöl við félagið kunna að vera hljóðrituð án sérstakrar tilkynningar í hvert sinn, enda staðfestir viðskiptavinur með samþykki skilmála þessara að honum er ótvírætt kunnugt um að slíkt kunni að vera gert. Hið sama gildir um samtöl í gegnum önnur rekjanlega samskiptaforrit, s.s. Skype for Business, Teams og Bloomberg. Slík gögn skulu varðveitt af félaginu eins lengi og lög kveða á um en er almennt eytt að þeim tíma liðnum.
- 16.2. Símtöl sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta eru hljóðrituð. Þá kunna önnur símtöl á milli félagsins og bankans að vera hljóðrituð.
- 16.3. Símaupptökur er gerðar í samræmi við heimild í lögum nr. 70/2022 um fjarskipti.
- 16.4. Með staðfestingu sinni á skilmálum þessum samþykkir viðskiptavinur að upptökur kunni að vera lagðar fram í dómsmáli og/eða notaðar sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað aðilum fór á milli, svo sem um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta. Að öðru leyti skal félagið fara með upptökur líkt og með aðrar upplýsingar er lúta þagnarskyldu, sbr. 58. - 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

17. Persónuvernd og vinnsla persónuupplýsinga

- 17.1. Félaginu er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar um viðskiptavinum sína til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og tryggja öryggi í fjármálaþjónustu. Félagið ber almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Þær upplýsingar sem um ræðir eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um einstök viðskipti viðskiptavinar.
- 17.2. Með því að samþykkja skilmála þessa heimilur viðskiptavinur félagsins að vinna persónuupplýsingar um viðskiptavin. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn félagsins sem hann þurfa starfs síns vegna.
- 17.3. Viðskiptavinur á samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga rétt á vitneskju um þær persónuupplýsingar sem unnið er með eða hefur verið unnið með hjá félaginu. Einnig á hann rétt á að rangar eða villandi persónuupplýsingar séu leiðréttar eða að þeim sé eytt.
- 17.4. Að öðru leyti vísast til verklagsreglna félagsins um meðferð upplýsinga um viðskiptavinum.

18. Trúnaður og óhlutdrægni

- 18.1. Félaginu ber að gæta fyllsta trúnaðar gagnvart viðskiptavinum um öll viðskipti hans við félagið og önnur atriði er varða hann og leynt á að fara samkvæmt lögum og eðli máls, nema að dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi, til lögreglu eða annarra sem kröfu gera um það.
- 18.2. Samkvæmt lögum kann félaginu að vera skylt að gera ákveðnar upplýsingar um tiltekin viðskipti opinberar. Með staðfestingu þessara skilmála samþykkir viðskiptavinur að félaginu sé heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar. Samkvæmt reglum ýmissa ríkja getur félaginu verið skylt, að viðlagðri refsiaþbyrgð og missi atkvæðisréttar, að upplýsa um raunverulega eigendur hlutabréfa í almenningshlutafélögum hvort sem flöggunarmörkum er náð eða ekki. Óski viðskiptavinur eftir að eiga viðskipti á slíkum mörkuðum felst í slíkri beiðni jafnframt heimild til handa félaginu og vörsluaðilum hans til að upplýsa viðkomandi kauphöll eða hlutaskrá um eignarhaldið.
- 18.3. Viðskiptavinum er ljóst að félaginu er skylt að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum í starfsemi sinni lögum samkvæmt og ber ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinur njóti jafnræðis í viðskiptum varðandi öll atriði er máli skipta eins og fram kemur í stefnu félagsins um hagsmunaaðreikstra. Stefnu félagsins um ráðstafanir gegn hagsmunaaðreikstrum má nálgast á heimasíðu félagsins. Viðskiptavinur getur jafnframt óskað eftir að fá stefnuna senda til sín með bréfpósti.

19. Ýmis ákvæði

- 19.1. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga gerða á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Viðskiptavinum er ljóst að honum er heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki.
- 19.2. Öll samskipti milli félagsins og viðskiptavinar vegna viðskipta sem þessir skilmálar taka til, skulu fara fram á íslensku eða ensku.
- 19.3. Félagið áskilur sér rétt til að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert verður það tilkynnt viðskiptavinum á varanlegum miðli, á heimasíðu félagsins eða í tölvupósti. Viðskiptavinur getur jafnframt óskað eftir að fá slíkar breytingar

sendar til sín með bréfpósti. Haldi viðskiptavinur áfram viðskiptum eftir að breyttir skilmálar hafa tekið gildi telst hann samþykkur breytingunum og gilda þá skilmálarnir svo breyttir um viðskipti viðskiptavinar og félagsins.

19.4. Skilmálum þessum er ekki ætlað að veita viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum ríkari vernd en þeim er veitt samkvæmt lögum og reglum. Í þeim tilvikum þar sem skilmálar þessir ganga lengra en sú vernd sem þess konar viðskiptavinum er veitt samkvæmt lögum og reglum, skulu ákvæði laga og reglna gilda.

19.5. Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli hans nema með skriflegu samþykki félagsins. Félaginu er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í heild eða að hluta til annars fjármálafyrirtækis í skilningi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við þær aðstæður og í þeim tilgangi er félaginu heimilt að afhenda skilmála þessa og aðra samninga milli aðila og litið skal svo á að samkvæmt skilmálum þessum séu uppfyllt skilyrði 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um að viðskiptavinur sé samþykkur miðlun trúnaðarupplýsinga um sig.

19.6. Skilmálar þessir taka gildi við undirritun stjórnar og gilda um alla samninga sem gerðir eru eftir þann dag.

20. Skilgreiningar

20.1. Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í skilmálum þessum, sem og öðrum viðskiptum sem framkvæmd eru og falla undir gildissvið skilmálanna:

Bankadagur merkir virkur dagur þegar bankar eru almennt opnir á Íslandi og í þeim fjármálamiðstöðvum fyrir þá fjármálagerninga sem tilgreindir eru í samningi.

Bankadagsregla skal tilgreind í samningi. Hún lýsir því hvernig sammingsbundnir gjalddagar færast ef þeir lenda ekki á bankadegi fyrir viðkomandi gjaldmiðil. Bankadagsreglurnar eru sem hér segir:

(a) Næsti bankadagur á eftir. Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.

(b) Næsti bankadagur á eftir með undantekningu. Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur nema sú tilfærsla hafi í för með sér að gjalldaginn flytjist yfir í næsta mánuð. Við slík skilyrði flyst gjalldaginn yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er í samningi.

(c) Næsti bankadagur á undan. Gjalddagi samkvæmt samningi færast yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er þegar sá tilgreindi dagur er ekki bankadagur.

Fjármálagerningur merkir:

- (a) verðbréf.
- (b) peningamarkaðsskjöl.
- (c) hlutdeildarskírteini,
- (d) afleiður.

Fjárfestingarráðgjöf merkir persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinar eða þess sem þjónustuna veitir.

Samningsdagur er sá dagur þegar félagið staðfestir þau viðskipti og þau kjör sem

viðskiptavinur hefur óskað eftir.

Vaxtatímabil er sá daga- eða mánaðafjöldi sem vaxtaútreikningur er miðaður við hverju sinni. Vextir eru reiknaðir frá og með fyrsta degi hvers vaxtatímabils og fram að síðasta degi tímabilsins. Fyrsta vaxtatímabil samnings hefst á fyrsta vaxtadegi samningsins og endar á fyrsta gjalddaga vaxta. Hvert vaxtatímabil sem á eftir fer hefst á gjalddaga vaxta þess tímabils sem næst er á undan og endar á næsta gjalddaga vaxta. Síðasta vaxtatímabilið endar á lokadegi samningsins.

Gjalddagi vaxta og vaxtagreiðsla. Gjalddagi vaxta er á síðasta degi vaxtatímabils. Bankadagsreglur gilda um gjalddaga vaxta. Þetta á einnig við um gjalddaga vaxta í lok samningstíma.

Fyrsti vaxtadagur er fyrsti dagur fyrsta vaxtatímabils.

Dagareglur við útreikning vaxta (hlutfallslegur dagafjöldi): Tilgreina skal í samningi hvernig vextir skulu reiknaðir. Hægt er að beita fleiri en einni aðferð í sama samningi. Helstu aðferðirnar eru þessar:

- (a) A/365: Fjöldi almanaksdaga á móti 365. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 365.
- (b) A/360: Fjöldi almanaksdaga á móti 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda almanaksdaga í hverju vaxtatímabili og deilt í þann dagafjölda með 360.
- (c) 30/360: 30 dagar á móti 360. Vaxtafótur er margfaldaður með fjölda daga í hverju vaxtatímabili miðað við að hver mánuður teljist 30 dagar og deilt í þann dagafjölda með 360.
- (d) 30E/360: Evró-skuldabréfareglan. Vaxtaútreikningur byggist á því að árið sé 12 mánuðir þar sem hver er með 30 dögum, þó þannig að ef síðasti dagur vaxtatímabils fellur á síðasta dag febrúarmánaðar fær febrúar ekki 30 daga heldur hinn raunverulega dagafjölda mánaðarins. Deilt er í dagafjöldann með 360.

REIBOR: Með REIBOR (Reykjavík Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við meðalvexti millibankaútlána í íslenskum krónum á millibankamarkaði í Reykjavík, eins og þeir eru birtir af Seðlabanka Íslands milli kl. 11:15 og 11:30 að staðartíma dag hvern í Reykjavík.

LIBOR: Með LIBOR (London Inter Bank Offered Rate) vöxtum er átt við vexti á millibankamarkaði í London eins og þeir eru auglýstir kl. 11:00 að staðartíma í London á BBA-síðu Reuters.

Varanlegur miðill merkir í samningi þessum aðgangsstýrð þjónustusíða hvers viðskiptavinar inn á heimasíðu félagsins. Viðskiptavinur fær úthlutað aðgangsorði inn á slíka síðu og fær viðkomandi viðskiptavinur allar upplýsingar varðandi viðskipti hans inn á þetta svæði. Viðskiptavinur getur óskað eftir að fá frekar sendar til sín upplýsingar með bréfpósti.

Samþykkt af stjórn ACRO verðbréfa hf. þann 10. ágúst 2021

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 5. október 2023

Endurskoðað og samþykkt af stjórn Acro þann 26. september 2024